

Viðurkenning háskóla á Íslandi í fyrsta skipti í sögu íslenska háskólakerfisins

Þann 3. september síðastliðinn afhenti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra viðurkenningar á fræðasviðum íslenskra háskóla. Viðurkenningarnar byggja á nýjum rammalögum sem samþykkt voru á Alþingi í júlí 2006. Slík viðurkenning felur í sér að menntamálaráðuneyti vottar að viðkomandi háskóli uppfylli þær kröfur sem ráðuneytið gerir til hans á grundvelli [laga um háskóla](#).



Frá vinstri: Hjálmar H. Ragnarsson, Svafa Grönfeldt, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Kristín Ingólfssdóttir og Ágústi Sigurðsson

Undanfarið hefur menntamálaráðuneyti unnið að skipulagi og framkvæmd viðurkenningar háskóla á grundvelli framangreindra laga. Það hefur m.a. falið í sér að skipa sjálfstæðar nefndir til þess að fara yfir umsóknir háskóla um viðurkenningu. Erlendir sérfræðingar voru valdir eftir kröfum um bæði faglega þekkingu og reynslu af gæðamati á háskólastofnunum. Jafnframt var leitað til [Rannsóknamiðstöðvar Íslands](#) (RANNÍS) til að hafa umsjá og halda utan um starf nefndanna og tókst sú tilhögun einstaklega vel.

Fjórir háskólar sendu inn sex umsóknir um viðurkenningu þann 1. mars 2007.

[Háskóli Íslands](#) sótti um viðurkenningu á sviðum verk- og tæknivísinda, hugvísinda og náttúruvísinda. Niðurstöður sérfræðinganeftanna er fjölluðu um Háskóla Íslands drógu fram þann mikla metnað sem kemur fram í stefnumótun skólans og bent var á hugsanlegar leiðir fyrir Háskóla Íslands til að ná þeim háleitu markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Menntamálaráðherra afhenti Kristínu Ingólfssdóttur rektor viðurkenningu á öllum þremur fræðasviðunum.

[Háskólinn í Reykjavík](#) sótti um viðurkenningu á sviði verk- og tæknivísinda. Eins og með Háskóla Íslands þá skilaði sérfræðinganeftinn inn skýrslu þar sem farið var yfir stöðu mála í Háskólanum í Reykjavík í samræmi við lög og reglugerðir. Í niðurstöðum draga nefndarmenn sérstaklega fram aðdáun sína á fagmennsku á öllum sviðum innan Háskólans í Reykjavík þrátt fyrir ungan aldur stofnunarinnar. Menntamálaráðherra afhenti Svöfu Grönfeldt rektor viðurkenningu á sviðum verk- og tæknivísinda.

[Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri](#) sótti um viðurkenningu á sviði náttúruvísinda. Í niðurstöðum sínum talar sérfræðinganeftinn um sérstöðu Landbúnaðarháskóla Íslands í rannsóknum á sviði náttúruvísinda. Nefndin mælti afdráttarlaust með viðurkenningu Landbúnaðarháskóla Íslands á sviði náttúruvísinda í þeim undirflokkum sem skilgreindir eru í umsókn skólans frá 1. mars 2007. Menntamálaráðherra afhenti Ágústi Sigurðssyni rektor viðurkenningu á sviði náttúruvísinda.

[Listaháskóli Íslands](#) sótti um viðurkenningu á sviði lista. Þar sem Listaháskólinn sótti einungis um viðurkenningu á einu fræðasviði er hann fyrsti háskólinn á Íslandi sem hefur hlotið fulla viðurkenningu. Nefndin sem fór yfir umsókn Listaháskólans var sammála um að stofnun skólans árið 1999 með samruna mismunandi listaskóla væri einstakt afrek sem stýddi ótvírætt íslenskt listanám og listir á Íslandi. Menntamálaráðherra afhenti Hjálmar H. Ragnarssyni viðurkenningu skólans á listasviði.

Í skýrslum sérfræðinganeftanna eru einnig ábendingar um það sem betur má fara hjá skólunum fjórum. Skýrslunur og viðbrögð háskólanna við þeim má finna á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Tækniteiknun og Starfsnám þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á [Aðalnámskrá framhaldsskóla í tækniteiknun](#) og hefur hún öðlast gildi með birtingu í Stjórnartíðindum sbr. [auglýsingu nr. 538/2007](#). Námskránni er ætlað að mæta breytingum sem orðið hafa á starfsvettvangi tækniteiknara að undanförmu, m.a. með aukinni tölvutækni. Hún kemur til framkvæmda á skólaárinu 2007-2008.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á [Aðalnámskrá framhaldsskóla: Starfsnám þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum](#) og hefur hún öðlast gildi með birtingu í Stjórnartíðindum sbr. [auglýsingu nr. 767/2007](#). Námskránni er ætlað að mæta breytingum á vinnumarkaði og opna nýja leið fyrir ungt fólk til að koma inn í atvinnulífið með sérþekkingu á sviði skrifstofu- og verslunargreina. Námskráin fjallar um sameiginlegt grunnnám og sérnám á skrifstofu- og verslunarbraut. Námskráin kemur til framkvæmda í skólum

frá og með skólaárinu 2007-2008 eftir því sem við verður komið.

Evrópski tungumáladagurinn 26. september 2007

[Evrópskur tungumáladagur](#) er haldinn í 7. sinn, 26. september 2007. Að frumkvæði Evrópuráðsins hefur tungumáladagsins verið minnst frá árinu 2001 með ýmsu móti í Evrópulöndum, þ.m.t. á Íslandi. Markmið Evrópska tungumáladagsins eru einkum að vekja athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og fjölbreyttis tungumálanáms til að auka fjöltengi og skilning á ólíkri menningu þjóða, að stuðla að því að viðhalda fjölbreytileika tungumála og menningar í Evrópu og að hvetja til símenntunar í tungumálanámi, bæði innan skólakerfisins og utan þess. Á Evrópskum tungumáladegi veitir menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Evrópumerkið (European Label) á samkomu í [Þjóðmenningarhúsi](#) kl. 15:00-16:00. Evrópumerkið er viðurkenning fyrir nýbreytniverkefni í tungumálakennslu á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og menntamálaráðuneytis og er merkið nú veitt hér á landi í sjötta sinn.

Ný Aðalnámskrá grunnskóla

Ný [Aðalnámskrá grunnskóla](#) tók gildi 1. ágúst 2007 og kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 2007-2008 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 úr gildi.

Aðalnámskrá grunnskóla 2007 er að þessu sinni eingöngu gefin út á rafrænu formi. Hún greinist í þrettán hluta, almennan hluta og tólf greinahluta. Í almenna hlutanum er meðal annars fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Í greinahlutum aðalnámskrár eru sett fram meginmarkmið í námi og kennslu og fjallað um inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum.

Aðalnámskrá grunnskóla 2007 er aðgengileg á [vef menntamálaráðuneytis](#).

